# Forsætisráðherra, innlend málefni 1970, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Jónas H. Haraldz – Framkvæmdanefnd rannsókanarráðs – Arnþrúður og Óttar Möller – Bill and Agnes – Einar Gerhardsen – Samanburðar verðskrá – Hálendisferð 31. júlí til 5. ágúst 1970

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-38, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**Einar Gerhardsen**
Sofienberggt. 61
Oslo 5

Kjære venner.

Vår hjerteligste takk for all medkjensle – for gode tanker og gode ord om Werna.
Vi kjenner oss dypt takknemlige overfor hver enkelt som har gjort det lettere for oss å komme gjennom sorgtunge dager.

Einar Gerhardsen

asafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

THE SENATE
CANADA

This year we didn't manage to assemble five Benidicksons in front of a camera for our usual Christmas card.

We thank you for yours, and all join in sending you the best of good wishes for the year ahead.

Bill and Agnes

n Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Beztu hamingjuóskir með

sigur í Reykjavík og úti

á landi.

Arnþrúður og Óttar Möller

askjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21/1-70

Til: Nefndarmanna í Framkvæmdanefnd rannsóknarráðs
Frá: Jónasi H. Haralz
Efni: Skipulag rannsóknarstarfseminnar

Hér með fylgja nokkrar hugleiðingar um ofangreint efni, sem ég skýrði ykkur á sínum tíma frá, að ég hefði tekið saman. Á þessu stigi málsins vildi ég óska eftir að halda þessu alveg innan vébanda nefndarinnar og ræða þetta mál þar nánar við tækifæri.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Jónas H. Haralz** Janúar 197o

**Nokkrar hugleiðingar**

**um skipulag rannsóknarstarfseminnar**

Núverandi skipulag rannsóknarstarfseminnar hefur augsýnilega mikla annmarka, og má raunar segja, að það sameini galla tveggja mismunandi skipulagskerfa. Rannsóknarstofnanirnar eru hluti af ríkiskerfinu og háðar því stranga og smásmugulega eftirliti og stjórnun, sem þar er framkvæmd af hálfu sérráðuneytanna, fjármálaráðuneytisins og, ekki sízt, Alþingis. Þetta gerir það að verkum, að stofnanirnar hafa lítið svigrúm til breytinga og þróunar. Þær eiga erfitt með að fá aukin fjárframlög, nema þá til þarfa, sem af tilviljanakenndum ástæðum komast í tízku í það og það skiptið. Þær fá sjaldnast leyfi til að fastráða nýja menn, en leitast í stað þess við að fara í kringum gildandi reglur með því að lausráða menn, nota fjárveitingar í annað en til er ætlazt o.s.frv. Þær eru háðar almennum reglum um launamál ríkisins, reglum, sem miðaðar eru við þann mikla fjölda ríkisstarfsmanna, sem ekki hefur lagt á sig langa háskólagöngu. Innan þessa þrönga stakks er rannsóknarstarfsemin í svo til algerri sjálfheldu, og getur á engan hátt vaxið og þróazt á eðlilegan hátt.

Jafnframt strangri stjórnun um einstök og smávægileg atriði, býr rannsóknarstarfsemin við algert stjórnleysi, að heita má, að því er snertir slík höfuðatriði sem mörkun almennrar stefnu, val verkefna og starfsemi einstakra vísindamanna. Það má því segja, að því sé stjórnað, sem ekki ætti að stjórna, en því sé ekki stjórnað, sem stjórna ætti. Starfsmenn eru fastráðnir til lífstíðar,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og litlu eða engu máli skiptir, hvernig þeir rækja starf sitt og hvaða árangri þeir ná. Af þessum sökum meðal annars eiga forstöðumenn stofnana erfitt með að stjórna einstökum deildum og einstökum mönnum, ekki sízt þar sem þær hugmyndir eru enn við lýði hér á landi að vísindastörf séu einstaklingsbundin. Um áhrif annarra aðila á stjórn stofnana er heldur ekki að ræða, þar sem enginn sá aðili, sem hefði sérþekkingu til að beita slíkum áhrifum, hefur í raun áhrif á fjárveitingar. Alþingi, sem hefur lokavaldið yfir fjármálunum, hefur hins vegar hvorki aðstöðu né vilja til þess að beita fjármálastjórninni til almennrar stefnumörkunar, eða til þess að hafa áhrif á val verkefna. Tilraunir framkvæmdanefndar á undanförnum 4 árum til að koma á skipulegri vinnubrögðum í rannsóknarstarfseminni, hafa að mestu mistekizt og sýnir það ljóslega, hversu lítil von er til þess, að unnt sé að koma á betri stjórnun við núverandi kerfi. Þó hafa þessar tilraunir verið gerðar af mikilli varkárni, reynt hefur verið að ná samvinnu við stofnanir og sannfæra þær smátt og smátt um það, að mörkun almennrar stefnu, samning starfsáætlana o.s.frv. væri mikilvæg atriði fyrir stofnanirnar sjálfar, ekki síður en fyrir þróun rannsóknarmála yfirleitt.

Hugmyndir þær, sem hér verða settar fram, beinast að því að vinna bug á þeim meginannmörkum, sem hér að framan hefur verið lýst, annars vegar ströngu eftirliti í einstökum atriðum, hins vegar stjórnleysi og stefnuleysi í þeim atriðum, sem mestu máli skipta, og koma á fót því mati á árangri stofnana og vísindamanna, sem virðist skilyrði frjósamrar og árangursríkrar rannsóknarstarfsemi. Hugmyndirnar eru í stuttu máli þessar:

Hver rannsóknarstofnananna 5 yrði gerð að sjálfstæðri ríkisstofnun undir stjórn, sem gæti verið valin eins og stjórnir þeirra eru nú, og lytu þær almennri yfirstjórn hlutaðeigandi ráðuneytis og ráðherra líkt og nú er. Ríkið sæi stofnunum fyrir húsnæði og greiddi kostnað af rekstri bygginganna. Enn fremur sæi það Hafrannsóknarstofnuninni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir rannsóknarskipum og greiddi kostnað af úthaldi þeirra. Þá sæi ríkisvaldið einnig um kostnað af sameiginlegri skrifstofu rannsóknarstofnananna, sem rekin væri með líkum hætti og nú er. Á hinn bóginn féllu niður fjárveitingar til einstakra rannsóknarstofnana umfram það, sem nauðsynlegt er af ofangreindum ástæðum. Núverandi fjárveitingar rynnu í stað þess í sameiginlegan sjóð, rannsóknarsjóð. Úr þessum sjóði væri úthlutað styrkjum til rannsóknarstofnananna vegna tiltekinna verkefna samkvæmt umsóknum þeirra. Stjórn sjóðsins gæti t.d. verið valin á sama hátt og framkvæmdanefnd Rannsóknarráðs er nú og starfað undir yfirumsjón menntamálaráðherra. Í viðbót við styrki úr rannsóknarsjóði fengju stofnanirnar tekjur af þeim sérsköttum, sem nú eru lagðir á vegna sumra þeirra, og rynnu þær tekjur beint til stofnananna, án þess að ganga í gegnum rannsóknasjóð. Loks væri stofnunum frjálst að taka að sér verkefni gegn gjaldi beint frá einstökum aðilum, hvort sem þar væri um að ræða fyrirtæki, einstaklinga, samtök eða opinberar stofnanir. Stofnanirnar væru frjálsar að mannahaldi sínu, launakjörum, kaupum á tækjum og efni o.s.frv. Þær fengju með öðrum orðum í hendurnar húsnæði og skip og tækifæri til að útvega sér fé til að reka rannsóknarstarfsemina, að nokkru leyti frá rannsóknasjóði og að nokkru leyti frá öðrum aðilum. Þar með gætu stofnanirnar þróazt og breytzt, ein stofnun gæti vaxið og önnur dregizt saman, viss starfsemi innan einnar stofnunar gæti eflzt og önnur dvínað o.s.frv. Jafnframt þessu yrði sú breyting, að vísindamennirnir væru ekki fastráðnir til langs tíma, heldur til 5 eða 6 ára. Hið sama gilti um forstjóra stofnananna. Tækist stofnuninni ekki að standa sig í samkeppninni, myndi það leiða til þess, að einstakir vísindamenn yrðu að víkja og skipt yrði um forstjóra. Slíkar breytingar væru komnar undir ákvörðun stjórnar stofnunarinnar með samþykki hlutaðeigandi ráðherra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórn rannsóknasjóðs mundi verða ábyrg fyrir mörkun stefnu í rannsóknarmálum og ætti að byggja úthlutun styrkja að nokkru á slíkri almennri stefnu og að nokkru á mati sínu á þeim verkefnum, sem um er sótt, og á árangri einstakra stofnana og deilda þeirra. Ákvarðanir stjórnar rannsóknasjóðs um úthlutun væru staðfestar af menntamálaráðherra, þannig að í raun og veru væri endanlegt úthlutunarvald hjá honum, en tillöguréttur hjá stjórn sjóðsins. Ábyrgðin væri þar með hjá ráðherra, sem ber ábyrgð fyrir Alþingi, en hann fengi um leið ríkt aðhald frá þeim embættismönnum, sérfræðingum og Alþingismönnum, sem stjórn sjóðsins skipuðu. Allur undirbúningur mála væri í höndum framkvæmdastjóra sjóðsins, sem kæmi í stað núverandi framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs. Allar líkur eru til að ráðherra færi eftir tillögum sjóðsstjórnarinnar svo til undantekningarlaust. Jafnframt fengi sjóðsstjórnin aðhald af því að þurfa að leggja tillögur sínar fyrir ráðherra.

Í sambandi við slíka breytingu á fyrirkomulagi rannsóknarstarfseminnar, væri sjálfsagt rétt að framkvæma ýmsar aðrar breytingar. Rannsóknarráð ætti sennilega að haldast í sinni núverandi mynd, þ.e.a.s. sem almennur umræðuvettvangur á breiðum grundvelli um rannsóknarmál, og héldi það fundi eins og verið hefur tvisvar til fjórum sinnum á ári. Rannsóknarráð kysi stjórn rannsóknasjóðs, eins og það nú velur framkvæmdanefndina. Aftur á móti væri sennilega rétt, að Rannsóknarráð hætti að fjalla um einstök rannsóknarverkefni, svo sem rannsókn náttúruauðlinda landsins, og væru þau verkefni með styrkveitingum úr rannsóknasjóði falin einstökum rannsóknarstofnunum eða öðrum aðilum. Styrkveitingar úr rannsóknasjóði væru þá heldur ekki takmarkaðar við rannsóknarstofnanirnar fimm, heldur kæmi til greina að veita styrki til Háskólans og stofnana hans, ráðgefandi verkfræðifyrirtækja o.s.frv.

Í þessu sambandi væri einnig rétt, að athuga, hvort ekki ætti að verða breyting á stöðu framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs á þann hátt, að hann yrði vísindalegur ráðunautur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ríkistjórnarinnar og hefði aðsetur í menntamálaráðuneytinu með því starfsliði, sem hann þyrfti á að halda. Með þessu móti myndi hann fá nánara og beinna samband við ráðherra heldur en nú er. Aðalstarf framkvæmdastjórans yrði athugun á umsóknum um styrki til rannsóknasjóðs, mat á þeim umsóknum og mat á árangri rannsóknarstofnananna og annarra aðila, sem fengið hefðu styrki. Þar með mundi hann fá aðstöðu til að fjalla um mörkun og framkvæmd stefnu í rannsóknarmálum undir umsjón og á ábyrgð ráðherra. Jafnframt þessu mundi hann, eins og nú er, hafa yfirumsjón með byggingum rannsóknarstofnananna, auk þess sem hann annaðist ýmis konar fyrirgreiðslur og samband við erlenda aðila.

Eðlilegt er, að þeirri spurningu sé varpað fram, hvort unnt sé að afla slíkri breytingu, eins og hér um ræðir, nægilega fylgis. Ég geri mér nokkrar vonir um að það sé unnt, vegna þess að mér virðist hún hafa ótvíræða kosti í för með sér fyrir alla þá aðila, sem hlut eiga að máli.

Fyrir vísindamennina, sem starfa í rannsóknarstofnunum, og forstjóra stofnananna, hefur hún þann mikla kost í för með sér, að hún losar þá undan þeirri smásmugulegu stjórnun og eftirliti, sem núverandi kerfi felur í sér, og gefur stofnununum tækifæri til vaxtar, þroska og breytinga, sem þær hafa ekki innan hins þrönga stakks fjárlaga- og launakerfis. Launavandamálið, sem forstjórar stofnana telja það, sem erfiðast sé viðfangs, myndi geta leystst með þessu móti. Að vísu myndu stofnanirnar í reynd aldrei fá algjörlega frjálsar hendur í launamálum. Þróunin yrði sennilega sú, að stofnanirnar kæmu sér saman um almennar reglur í launamálum. Rannsóknasjóður yrði einnig að taka tillit til kostnaðar við rannsóknarverkefni og þar með til launakostnaðar. Hann hlyti að hneigjast til þess, að láta styrki síður ganga til þeirra stofnana, þar sem rannsóknarkostnaður væri mjög hár. Samkeppni við aðra aðila, svo sem ráðgefandi verkfræðifyrirtæki, stuðlaði einnig að því að halda kostnaði niðri.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá sjónarmiði ríkisvaldsins mundu kostirnir vera þeir, annars vegar að losna við hið þrautleiðinlega og tilgangslausa eftirlit, sem nú er haft með stofnunum í smáatriðum, en hins vegar að fá tækifæri til að hafa áhrif á stefnu stofnananna og rannsóknarmálanna yfirleitt í þeim meginþáttum, sem máli skipta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Drög að ferðaáætlun
-Hálendisferð 31. júlí - 5. ágúst
1970.

8. júní 1970

| | |
|---|---|
| **Föstudagur 31. júlí** | |
| kl. 10,00 - 12,30 | Reykjavík - Búrfell |
| | Hádegisverður við Búrfell |
| kl. 14,00 - 19,00 | Búrfell - Veiðivötn - Jökulheimar |
| | Náttað í skála Jöklarannsóknar-félagsins. |
| **Laugardagur 1. ágúst** | |
| kl. 9,30 - 12,30 | Ekið frá Jökulheimum að Vatnsfelli og Þórisós við Þórisvatn, snæddur hádegisverður þar. |
| kl. 15,00 - 19,00 | Ekið í Nýjadal vestan Tungnafellsjökuls |
| | Náttað í sæluhúsi F.Í. í Daltungu. |
| **Sunnudagur 2. ágúst** | |
| kl. 10,00 - 12,00 | Ekið til baka frá Daltungu í Eyvindarver |
| | Selflutt með þyrlu frá Eyvindarveri yfir Þjórsá í Þjórsárver og til baka (heiðargæsin heimsótt). |
| | Dvalið við Eyvindarver |
| kl. - 19,00 | Ekið frá Eyvindarveri um eldri Sprengi-sandsleið að Laugafelli |
| | Náttstaður í sæluhúsi Ferðafélags Akureyrar. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Mánudagur 3. ágúst

Valkostir

| | |
|---|---|
| a) 10,00 - 15,00 | Ekið frá Laugafelli um Hólafjall til Akureyrar |
| b) 10,00 - 18,00 | Ekið frá Laugafelli um Mýri í Bárðardal til Akureyrar |
| | Gisting á Akureyri eða í nágrenni |

Þriðjudagur 4. ágúst

| | |
|---|---|
| kl. 10,00 - 17,00 | Ekið frá Akureyri um þjóðveginn til Blöndudals; þaðan um Auðkúluheiði til Hveravalla. |
| kl. 17,00 - 19,00 | Litast um á Hveravöllum |
| | Náttstaður í skála F.Í. á Hveravöllum. |

Miðvikudagur 5. ágúst

| | |
|---|---|
| kl. 10,00 - 18,00 | Frá Hveravöllum ekið sem leið liggur um Gullfoss, Geysi, Laugarvatn. og Gjábakkahraun til Þingvalla. |
| kl. 18,00 | Skilnaðarhóf í Valhöll |
| 22,30 | Komið til Reykjavíkur. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Drög að ferðaáætlun
- Hálendisferð 4. - ág. 1970.

16. júní 1970 Á.Sn./ka

1. Dagur

kl. 10,00 - 12,30 Frá Reykjavík ekið að Búrfelli
kl. 12,30 - 14,00 Hádegisverður við Búrfell.
kl. 14,00 - 17,00 Ekið í Landmannalaugar.
Hekluhraunið í Skjólkvíum
skoðað í leiðinni.
kl. 17,00 - 18,00 Litazt um í Landmannalaugum.
kl. 18,00 - 20,00 Ekið í náttstað við Þórisvatn.
(Vatnsfell eða Þórisós).

2. Dagur

kl. 9,30 - 10,30 Frá Þórisvatni ekið til Veiðivatna
kl. 10,30 - 14,30 Hádegisverður/og rennt fyrir silung
snæddur
í Stóra-Fossvatni.
kl. 14,30 - 16,00 Ekið í Jökulheima við Tungnaárupptök.
kl. 16,00 - 16,30 V - rönd Vatnajökuls skoðuð.
kl. 16,30 - 19,30 Ekið til náttstaðar við Þórisvatn.

3. Dagur

kl. 10,00 - 12,00 Ekið frá Þórisvatni að Eyvindarkofaveri.
kl. 12,00 - 16,00 Selflutt með þyrlu frá Eyvindarkofaveri
yfir Þjórsá í Þjórsárver og til baka.
( Heiðargæsin heimsótt)
kl. 16,00 - 19,00 Ekið frá Eyvindarkofaveri í Laugafell,
eða Daltungu eða að Þórisósi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Dagur

| | |
|---|---|
| kl. 10,00 - 19,00 | Ekið frá Þórisósi í Daltungu í nýja Jökuldal og þaðan að Mýri í Bárðardal og síðan eftir þjóðveginum til Akureyrar. |
| eða<br>kl. 10,00 - 17,00 | Ekið frá Laugafelli (eða Daltungu) að Mýri í Bárðardal og síðan þjóð veginn til Akureyrar. |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BIBLIOGRAPHIE RELATIVE A L'ARTICLE 16 DE LA CONSTITUTION DE LA 5ème REPUBLIQUE


L'article 16

DUVERGER, Institutions Politiques, Presses Universitaires de France, 1960, p. 534.

PRELOT, Le Monde, 31.7II.1958.

VEDEL, Cours de Droit constitutionnel, Les Cours de Droit, 1959.

- LAMARQUE, "La théorie de la nécessité et l'article 16 de la Constitution de 1958", Revue du Droit public et de la Science politique (3), mai 1961, p. 558-628. Une analyse juridique détaillée.

QUERMONNE, "L'article 16 et la défense de la République", Revue de l'Action populaire (149), juin 1961, p. 701-712.

PIETRI, "L'article 16, un texte sans précédent". Revue politique et parlementaire (716), oct. 1961, p. 8-15.

DUVERGER, "L'article 16 et ses limites", Le Monde, 5.V.1961.

- HAMON et COTTERET, "Le Parlement et la mise en oeuvre de l'article 16", Revue du Droit public et de la Science politique (5), sept. 1961, p. 1015.

MARCILHACY, "L'Etat et l'article 16", Revue politique des Idées et des Institutions (7-8), 15 & 30.IV.1961.

Sur le problème posé par la réunion de la Commission sénatoriale des lois, Le Monde 12.V.1961. Articles de FAUVET et MARCILHACY.

LEGARET, La Revue des deux Mondes, 1.VI.1961.

Sur la décision du Président de l'Assemblée Nationale :

- BERLIA, "L'application de l'article 16 de la Constitution de 1958 et les rapports entre le Parlement et le Gouvernement", Revue du Droit public et de la Science politique (5), sept. 1961, p. 1029-1039.

DUVERGER, "Deux poids et deux mesures", Le Monde, 6.IX.1961.

FAUVET, "Encore l'article 16", Id. 9.IX.1961.

FAUVET, "Le défaut du régime", Id. 14.IX.1961.

VEDEL, "Le Conseil Constitutionnel n'est pas compétent", Id. id.


Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur